

Stefna Norðurlandaráðs í alþjóðamálum

Samþykkt í sted, hinn xx.xx.xx

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Öryggi á Norðurlöndum og í nærumhverfi þeirra	5
Heimsskipan sem byggist á reglum og norræna líkanið	7
Sjálfbær þróun: Á Norðurlöndum og á heimsvísu	9
Lönd, svæði og samtök sem njóta sérstaks forgangs	11
Eftirfylgni og úrræði	12
Um ritið	13

Þetta rit er einnig fáanlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:
<https://pub.norden.org/politiknord2023-717>

Þessi áætlun er byggð á fyrstu stefnu Norðurlandaráðs í alþjóðamálum (2018–2022). Í áætluninni eru stefna og langtímamarkmið ráðsins í alþjóðamálum skilgreind. Markmið stefnunnar móta alþjóðlega starfsemi Norðurlandaráðs. Norðurlandaráð á í nánú samstarfi við fjölmörg samtök – alþjóðleg, svæðisbundin og tengd þjóðþingum. Stefnan felur einnig í sér markmið og tilmæli fyrir Norrænu ráðherranefndina og norrænu ríkisstjórnirnar. Forsætisnefnd ber meginábyrgð á alþjóðlegu samstarfi Norðurlandaráðs og málefnum sem varða utanríkis-, öryggis- og varnarmálafestfu.



Inngangur

Miklar breytingar eru að eiga sér stað í heiminum. Norðurlöndin eru ekki óháð gangi mála í heiminum heldur hafa heimsmálin þvert á móti mikil áhrif á þau. Alþjóðleg viðfangsefni á borð við loftslagsbreytingar og heimsfaraldra hafa bein áhrif á stöðu norrænu landanna í alþjóðlegu samhengi. Átök stórveldanna hafa nú stigmagnast yfir langt tímabil. Ólögleg innrás Rússlands inn í Úkraínu árið 2022 setti heimsskipan sem byggist á reglum, virðingu fyrir alþjóðasamningum og trausti og sameiginlegum leikreglum í uppnám. Einræðisstjórnir og þjóðernissinnaðar stjórnir á borð við Rússlandi, og því miður í sífellt fleiri löndum, hafa gert alþjóðasamskiptin ófyrirsjáanlegri og óstöðugri. Alþjóðlegt samstarf um að ráðast gegn sameiginlegum ógnum hefur liðið fyrir þessa nýju öryggisógn. Skilyrði fyrir hnattræna þróun og vinnuna við að ná markmiðum um sjálfbæra þróun hafa versnað. Atriði á borð við loftslagsbreytingar og eftirlit með og fækkun gjöreyðingarvopna skipta engu að síður jafn miklu máli og áður.

Norðurlöndin eru mikilvægt svæði í landfræðipólitísku tilliti. Miklar innbyrðis tengingar eru á milli þróun mála á Eystrasaltssvæðinu, norðurslóðum og Norður-Atlantshafi. Norðurlöndin hafa lengi unnið í þágu heimsskipanar sem byggist á reglum, unnið að því að efla alþjóðasamtök, stuðlað að lýðræðisþróun og sjálfsákvörðunarrétti fólks og barist fyrir mannréttindum. Þetta starf er jafn mikilvægt nú og áður og er kjarninn í stefnu Norðurlandaráðs í alþjóðamálum.

Markmið Norðurlandaráðs er að vera þekktur og virtur aðili á alþjóðavettvangi sem byggir starfsemi sína á sameiginlegum gildum, velferð borgaranna og öryggi svæðisins. Í framtíðinni þurfa Norðurlönd að vera samþættasta svæði heims sem getur unnið saman og brugðist við alþjóðlegum áskorunum sem ein heild. Þegar Norðurlöndin starfa saman verður mögulegt að ná árangri á hagkvæmari hátt en löndin gætu gert hvert fyrir sig. Nú erum við á Norðurlöndum ef til vill sameinaðri en nokkru sinni fyrr og ríkisborgarar landa okkar kalla eftir auknu norrænu samstarfi. Eftirspurn eftir norrænum lausnum fer sífellt vaxandi og við höfum allt að vinna af því að koma í enn meiri mæli fram sem ein heild á alþjóðlegum vettvangi. Í alþjóðlegu samstarfi okkar þurfum við að miðla reynslu okkar af norræna líkaninu og svæðisbundnu samstarfi og læra af öðrum. Við þurfum að halda áfram að standa vörð um lýðræðisleg gildi, frið og mannréttindi, og þurfum að efla tengsl við þá bandamenn okkar sem halda sömu gildum á lofti til að skapa öruggari, sjálfbærari, réttlátari og lýðræðislegri heim.

Öryggi á Norðurlöndum og í nærumhverfi þeirra

Innrás Rússa í Úkraínu olli grundvallarbreytingu á öryggisjafnvæginu í Evrópu. Vegna umsvifa Rússa og verri stöðu öryggismála í Evrópu hafa Finnland og Svíþjóð sótt um inngöngu í NATO. Möguleg NATO-aðild Finnlands og Svíþjóðar skapar nýja stöðu og nýja möguleika fyrir norrænt samstarf á sviði varnar- og öryggismála.

Fjölpáttaógnir, netárásir, falsfréttir og áhrifaaðgerðir eru alvarleg og vaxandi ógn á Norðurlöndum og öllum heiminum. Sem afar stafræn, opin og lýðræðisleg samfélög eru Norðurlöndin sérstaklega viðkvæm fyrir þessum ógnum.

Kórónuveirufaraldurinn sýndi að þörf er á auknu norrænu samstarfi í viðbúnaðarmálum. Norðurlandaráð lýsti í áætlun sinni um samfélagsöryggi (2019) eftir röð ólíkra aðgerða til að bæta norrænt samstarf um samfélagsöryggi. Til að stuðla að öryggi á Norðurlöndum þarf góð samskipti milli aðilanna á svæðinu. Norræna líkanið er einnig grundvöllur samfélagsöryggis. Til að tryggja það gegnir stöðugur efnahagur mikilvægu hlutverki.

Norðurlandaráð vill þess vegna:

- Vera lifandi vettvangur fyrir þingumræður um varnar- og öryggismál og samfélagsöryggi/heildarvarnir á Norðurlöndum. Við þurfum að vinna að því að byggja upp sérþekkingu um varnar- og öryggismál og læra af reynslu alþjóðlegra samstarfsaðila okkar.
- Efla hlutverk þjóðþinganna í norrænu samstarfi um varnarmál, meðal annars með árlegum pallborðsumræðum með NORDEFECO.
- Standa fyrir umræðum um hlutverk Norðurlanda og stöðu þeirra í varnarbandalaginu NATO með áherslu á friðarstillandi hlutverk þeirra og mannréttindastarf.
- Að öryggi Eystrasaltssvæðisins, norðurslóða og Norður-Atlantshafs verði sett ofarlega á dagskrá í alþjóðlegu samstarfi og í viðræðum við Eystrasaltsþingið og aðra samstarfsaðila.
- Standa vörð um norðurslóðir og Norður-Atlantshafið sem svæði þar sem lítil spenna ríkir í öryggismálum, stuðla að því að samstarf um norðurslóðir haldi áfram að vera uppbyggilegt og standa vörð um réttindi frumbyggja.
- Að Norðurlöndin efla samstarf sitt um utanríkis-, varnar- og öryggismál, þar á meðal um almannavarnir sem stuðla að almannaoöryggi. Norrænt samstarf í varnarmálum ógnar engum, en stuðlar að stöðugleika og öryggi á svæðinu.

- Að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum meti hvort endurskoða þurfi Helsingforssamninginn svo að hann taki mið af stöðu utanríkis- og öryggismála í dag.
- Að Norðurlöndin efli samstarf sitt um samfélagsöryggi, heildarvarnir og viðkvæma innviði.
- Að Norðurlöndin vinni saman með skilvirkum hætti í öllum alþjóðlegum stofnunum og séu tilbúin til að leggja sitt af mörkum til hættustjórnunar þegar þörf krefur.
- Vinna að því að Norðurlöndin færi samstarfið um hreina og endurnýjanlega orku og orkuöryggi upp á annað stig og kanni hvernig halda má áfram að samþætta og auka norrænt orkuöryggi og almennan viðbúnað.
- Vinna að því að norræn stefna um netöryggi verði tekin upp.
- Að Norðurlönd nýti í auknum mæli tækifærin sem felast í að markaðssetja Norðurlönd sem eina heild á alþjóðavísu. Ekki ríkir nægileg vitneskja um kosti norræns samtarfs á alþjóðavettvangi og samnorrænu kynningarstarfi meðal norrænu ríkisstjórnanna.
- Að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum meti hvort þörf sé á því að Norræna ráðherranefndin styðji í auknum mæli samstarf norrænu landanna um utanríkis- og varnarmál, samfélagsöryggi, viðbúnað og heildarvarnir, til dæmis með rannsóknum og öðrum leiðum.

Heimsskipan sem byggist á reglum og norræna líkanið

Samningsstaða Norðurlandanna á alþjóðlegum vettvangi er best tryggð í heimsskipan sem byggist á reglum. Norðurlöndin þurfa að gera það að helsta forgangsverkefni sínu að vinna að því að vernda og bæta slíka heimsskipan. Norðurlöndin þurfa að vinna að því að fyrirbyggja stríð og átök og fjárfesta í friðargæslu og stuðningi við viðkvæm svæði.

Norræna velferðarlíkanið er almennt viðurkennt sem eitt af helstu afrekum Norðurlanda. Norðurlöndin skara framúr á ýmsum mælikvörðum um velferð og hamingju. Þetta er nátengt því hversu mikil virðing er borin á Norðurlöndum fyrir lýðræði, réttarríkinu, jafnrétti og mannréttindum. Mjög er nú sótt að þessum gildum og Norðurlöndin geta látið til sín taka með því að tala ávallt skýrri röddu sem stendur vörð um þessi gildi. Norðurlöndin eru líka það svæði í heiminum þar sem spilling er minnst og mest gagnsæi og traust. Þetta er mikilvæg ástæða efnahagslegrar velgengni Norðurlanda.

Norðurlandaráð vill þess vegna:

- Vinna að því að lýðræði, réttarríki, jafnræði og mannréttindi séu alltaf ofarlega á alþjóðlegri dagskrá. Norðurlöndin eiga að vera í fararbroddi þegar kemur að baráttu gegn öfgahyggju, andlýðræðislegum viðhorfum, kynþáttahatri og öllum öðrum birtingarmyndum haturs og misréttis – einnig á stafrænum vettvangi.
- Veita réttindum barna og kvenna^[1] og kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindum þeirra, LGBTQI-málefnum, fólki með fötlun og frumbyggjum sérstaka athygli.
- Stuðla að réttindum kvenna og stúlkna að taka sjálfar ákvörðun um þungunarrof.
- Leggja áherslu á hlutverk málfrelsis, fjölmiðlafrelsis og frjálsra félagasamtaka fyrir vel heppnuð og lýðræðisleg samfélög og styðja við aðgerðir sem efla lýðræðislega umræðu borgaranna.
- Krefjast þess að norrænu ríkisstjórnirnar vinni í sameiningu og með markvissum hætti að því að efla og endurbæta Sameinuðu þjóðirnar og aðrar fjölþjóðlegar stofnanir og auka lögmæti þeirra og samningsstöðu.
- Styðja lýðræðisöfl í einræðisríkjum og halda áfram viðræðum við fulltrúa lýðræðislegrar stjórnarandstöðu í Rússlandi og Belarús, einnig með áherslu á fjölmiðlafrelsi.

1. Um leið ríkir vitund um að á sumum þessara sviða eru drengir og karlar eftir á.

- Viðhalda og stuðla að góðum tengslum við ríki, svæði og stofnanir sem halda sömu gildum á lofti og Norðurlöndin, svo sem Eystrasaltsþingið (BSPC), Vestnorræna ráðið, Þingmannaráðstefnu Eystrasaltssvæðisins, Evrópuþingið, Benelúx-þingið og Þingmannráðstefnu norðurskautsins (CPAR), til að standa í sameiningu vörð um þessi grundvallarréttindi.
- Halda áfram þingmannasamstarfi milli utanríkismála- og Evrópunefnda á Norðurlöndum og að koma norrænum sjónarmiðum á framfæri á Evrópuþinginu, sérstaklega fyrir tilstilli norrænna þingmanna Evrópuþingsins.
- Efla tengsl yfir Atlandhafið og samstarf við þing Bretlands og Skotlands, þýska sambandsþingið og þing Slésvíkur-Hosletalands.
- Styrkja stöðu Norðurlandanna í sáttamiðlun og hættustjórnun.
- Vinna að því að auka vitund um efnahagslegan og samfélagslegan ávinning opinna samfélaga og trausts og alvarlegar samfélagslegar afleiðingar spillingar.
- Notaða norrænu samfélagsgerðina með virkum hætti við kynningu Norðurlanda á alþjóðavettvangi og hvetja norrænu ríkisstjórnirnar til þess að gera slíkt hið sama.
- Vinna að því að finna norrænum sendiráðum og/eða norrænni utanríkisþjónustu sameiginlegar staðsetningar þegar við á. Til viðbótar við kostnaðar- og stærðarhagkvæmni getur það stuðlað að auknu faglegu samstarfi og sterkari norrænni sjálfsmynd og sýnileika.

Sjálfbær þróun: Á Norðurlöndum og á heimsvísu

Sjálfbær þróun felur í sér möguleika mannkyns til að þróast innan þeirra marka sem jörðin getur þolað. Með sjálfbærri þróun er ekki aðeins átt við umhverfislega sjálfbærni heldur einnig félagslega og efnahagslega sjálfbærni. Heimsmarkmið SP til 2030 er aðgerðaáætlun sem hefur það að markmiði að leiða til umskipta í átt að sjálfbæru samfélagi. Þessi markmið ættu að vera leiðarstef í alþjóðastarfi norrænu ríkjanna.

Norðurlönd vilja verða sjálfbærasta svæði heims. Við búum yfir þeim tilföngum, þekkingu og tækni sem þarf til að vísa leiðina í hinum grænu umskiptum á sjálfbæran hátt innan raunsærra tímamarka og með skynsömum lausnum. Við eigum að standa saman á alþjóðavettvangi og stýra umræðum og aðgerðum til að skapa markmið á heimsvísu til að stöðva loftlagsbreytingar og hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. Eftir því sem loftlagsbreytingar aukast verða verða áskoranir fyrir samfélag, efnahag og umhverfi sífellt stærri. Loftlagsbreytingar hafa áhrif á fæðuöflun, vatnsveitu og orkuöryggi, eykur samkeppni um náttúruauðlindir, skort á lífibrauði, náttúruhamfarir og fólksflótta. Það eru þau fátækustu sem verst verða úti en velferðarkerfi og efnahagur Norðurlanda verða einnig fyrir áhrifum.

Norðurlandaráð vill þess vegna:

- Vinna að því að Norðurlöndin taki sameiginlega forystu í vinnunni að sjálfbærri þróun og heimsmarkmiðum fyrir árið 2030 innan Sameinuðu þjóðanna.
- Að Norðurlönd efla samstarf sitt um framfylgd Parísarsamkomulagsins, samnings SP um líffræðilega fjölbreytni og væntanlegan samning SP um plast.
- Vinna að því að Norðurlöndin tali einni röddu um fátækt og ójöfnuð í heiminum með því að eiga í nánara samstarfi um þróunarmál og aðstoð, þar á meðal aðstoð við enduruppbyggingu Úkraínu.
- Að bestu starfshættir á Norðurlöndum komi öðrum til góða og að við séum virk og leitandi til að læra af öðrum.
- Að Norðurlönd vinni að grænum umskiptum með sjálfbærum hætti og hraði þróun hreinnar og endurnýjanlegrar orku til að vinna gegn loftlagsbreytingum og auka afhendingaröryggi.
- Að norrænum sérkennum verði haldið á lofti í alþjóðlegum viðræðum, svo sem skógarvinnslu og sjávarútvegi og vinnu gegn sýklalyfjaónæmi.

- Veita norðurslóðum sérstaka athygli og sjá til þess að heimurinn sé meðvitaður um viðkvæma stöðu þeirra gagnvart loftslagsbreytingum.
- Eiga nánar viðræður við Evrópuþingið um orku- og loftlagsstefnu ESB og krefjast beinna og sjálfbærra lausna.

Lönd, svæði og samtök sem njóta sérstaks forgangs

Norðurlandaráð vill í alþjóðlegu samstarfi sínu leggja sérstaka áherslu á nærliggjandi svæði, það er Eystrasaltssvæðið, norðurslóðir, Evrópu og nágretta okkar. Norðurlandaráð vinnur að markmiðum stefnu sinnar í alþjóðamálum í samstarfi við önnur þingmannasamtök, en mikilvægust þeirra eru Eystrasaltsþingið (BSPC), Evrópuþingið, Þingmannráðstefna norðurskautsins (CPAR), Vestnorræna ráðið og Benelúx-þingið. Norðurlandaráð hefur gert samstarfssamninga eða álíka við ofangreind þingmannasamtök. Auk þess setur Norðurlandaráð önnur svæði og aðila í forgang í alþjóðastarfi sínu: Úkraína, Þýskaland og Schleswig-Holstein, Bretland og Skotland, Bandaríkin, Kanada og lýðræðisleg andófsöfl í Rússlandi og Belarús.

Eftirfylgni og úrræði

Norðurlandaráð vill setja mál á dagskrá og stuðla að því að stefnuáætlun hennar sé fylgt eftir með markvissri notkun þeirra pólitísku úrræða sem því standa til boða, þar á meðal með tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna/Norrænu ráðherranefndarinnar, skriflegum fyrirspurnum til ríkisstjórnanna og pólitísku samráði og fundum með norrænum ráðherrum. Norðurlandaráð á að vera uppbyggilegur og virkur þátttakandi á alþjóðavettvangi. Ráðstefnur, málþing og pallborðsumræður, oft í samstarfi við alþjóðlega samstarfaðila okkar, og virk notkun á samskiptaleiðum Norðurlandaráðs, gegna mikilvægu hlutverki. Efla þarf samstarf Norðurlandaráðs við Norrænu ráðherranefndina, ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum og norrænu landsþingin, bæði á vettvangi stjórn mála og stjórnsýslu, til að tryggja góða eftirfylgni og norrænt notagildi. Stefnuáætluninni fylgir eftir þörfum aðgerðaáætlanir og í ársskýrslunni skal grein gerð fyrir alþjóðlegri starfsemi Norðurlandaráðs.

Um ritið

Stefna Norðurlandaráðs í alþjóðamálum

PolitikNord 2023:717

ISBN 978-92-893-7545-0 PDF

ISBN 978-92-893-7546-7 ONLINE

<http://dx.doi.org/10.6027/politiknord2023-717>

© Norðurlandaráð 2023

Myndir: Norden.org

Útgefið: Mars 2023

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efld í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norðurlandaráð

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Lesi fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur